



Reykjavík, 23. september 2020

SFS2020040153

193. fundur

HG/geb

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um nýtingu skólahúsnæðis Kelduskóla Vík/Korpu og Vættaskóla Engi/Borgir

Á 182. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 28. apríl 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hversu margir einstaklingar og félagasamtök eru að nýta húsnæði Kelduskóla Vík/Korpu og Vættaskóla Engi/Borgir? Munu þessir aðilar hafa tök á því áfram að nýta húsnæðið þegar það er ekki nýtt af skólanum ef þeir óska þess líkt og þeir hafa fengið að gera hingað til.

Svar:

Til að leita svara við fyrirspurninni var leitað til núverandi skólastjóra Borgaskóla, Engjaskóla og Vættaskóla en eins og kunnugt er voru Kelduskóli og Vættaskóli lagðir formlega niður 31. júlí 2020 og nýir skólar; Borgaskóli, Engjaskóli og Víkurskóli stofnaðir 1. ágúst 2020 í því húsnæði sem áður hýsti Kelduskóla – Vík og Vættaskóla í Engi og Borgum. Húsnæði Kelduskóla – Korpu var á sama tíma skilað til fjármála- og áhættustýringarsviðs borgarinnar þar sem það er ekki notað lengur af skóla- og frístundasviði.

Skólastjórnarnir bentu á að samkvæmt viðmiðum skóla- og frístundasviðs um umgengni á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs frá 14. ágúst 2020 væri mælt til þess að dregið væri úr óumbeðnum gestakomum á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs og því hefði verið takmarkað frá skólabyrjun hverjir hefðu aðgang að skólahúsnæðinu á skólatíma og eftir að kennslu lýkur.

Í máli allra skólastjóranna kom fram að frá skólasetningu mánudaginn 24. ágúst hefði frístundaheimili og/eða félagsmiðstöð sem starfandi eru við skólana haft aðgang að húsnæði skólans þegar það er ekki í notkun fyrir grunnskólastarf, eins og reglur segja til um.

Í máli eins skólastjóra kom fram að þegar Covid-ástandið verði gengið yfir megi gera ráð fyrir að félagasamtök sem þess óska geti nýtt skólahúsnæðið.

Eins og fram hefur komið hefur Reykjavíkurborg auglýst eftir umsóknum frá aðilum sem eru áhugasamir um nýtingu húsnæðis Korpu og bárust 3 umsóknir, þar af hefur ein verið dregið til baka. Fulltrúar eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar vinna nú að því að yfirfara umsóknirnar.